

Veðurstofa Íslands.

„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.“

St. Jósefsspítali Hafnarfirði.

„fæðingagangur að hálfu“.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað, kr. 125.000, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 4/1992.

BHMR f.h.

Félags íslenskra náttúrufræðinga,

Stéttarfélags lögfræðinga í ríkis-

þjónustu og

Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingi-
björg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 13. maí sl., er höfðað fyrir Félags-
dómi með stefnu birtri 29. febrúar 1992 og þingfestri 24. mars. sl.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins,
en Bandalaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lág múla 7,
Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykja-
vík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að eftirtalin starfsheiti verði felld út af skrá þeirri yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“, sem birt var sem auglýsing nr. 28/1992 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom þann 31. janúar 1992:

Stofnun:	Starfsmenn/staða:	Stéttar félag:
Tilraunastöðvar RALA	tilraunastjórar	FÍN
Hafrannsóknastofnun	aðstoðarforstjórar	KVH
Tryggingaeftirlit ríkisins	skrifstofustjóri	SLÍR
Skattstofur	skrifstofustjórar	SLÍR
Ríkistollstjóri	skrifstofustjóri	
Tollstjórinn í Reykjavík	skrifstofustjóri	
Tollgæslan í Reykjavík	skrifstofustjóri	

2. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns.

Jafnframt er þess krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að þeim þætti í kröfugerð stefnanda, er lýtur að starfsheitum aðstoðarforstjóra við Hafrannsóknastofnun, skrifstofustjóra við skattstofur og skrifstofustjóra tollstjórans í Reykjavík, verði vísað frá dómi.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda um, að tilgreind starfsheiti verði felld út af lista þeim yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins“, sem birt var sem auglýsing nr. 28/1992 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom 31. janúar 1992, önnur en skrifstofustjóri við tollgæsluna í Reykjavík.

Að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

Leitað var um sáttir án árangurs.

Aðild.

Um aðild málsins og form er tekið fram í stefnu, að BHMR sé samtök stéttarfélagá háskólamenntaðra opinberra starfsmanna.

Málið eigi undir Félagsdóm skv. 4. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986 um breytingu á þeim lögum. Aðilar málsins séu sammála um, að myndað sé aðilasamlag sóknar megin með þeim hætti, sem gert er, enda hafi BHMR málsóknarumboð frá þeim félögum, sem hagsmuna eigi að gæta. Verulegt réttarfarshagræði sé að aðilasamlagi þessu, enda um að ræða samkynja álitafni, að mestu leyti sömu skjöl og sama varnaraðila í öllum tilvikum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Með lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi sú almenna regla verið sett, sem fram kemur í 14. gr. laganna, að starfsmönnum í stéttarfélögum þeim, sem löginn taka til, sé heimilt að taka þátt í verkföllum til þess að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Gerðar séu undantekningar frá rétti starfsmanna til þátttöku í verkfalli í 19. gr. laga nr. 94/1986 og í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 90/1986.

Í upphafi 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 segir svo:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim, er skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

...

5. Forstöðumenn stjórnisýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir, er gegna embættum, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1. - 6. tölul.“

Í 3. mgr. sé lagt fyrir stefnda að birta lista yfir þá starfsmenn, sem falli undir 5. og 6. tl. greinarinnar. Ágreining um það, hvort maður falli undir þann lista, megi bera undir Félagsdóm með þeim hætti, sem gert sé í máli þessu.

Í dómi Félagsdóms, sem upp var kveðinn þann 10. júlí 1990 í málinu nr. 1/1990, komi fram sú afstaða, að til þess að hægt sé

að svipta starfsmann rétti til þátttöku í verkfalli, þurfi að uppfylla þau skilyrði m.a., að ótvírætt sé, að stofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun, að um sé að ræða stærri atvinnu- og þjónustufyrirtæki í eigu ríkisins, sbr. til hliðsjónar 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, og að ekki leiki vafi á því, að viðkomandi starfsmaður gegni stöðu forstöðumanns eða sé staðgengill hans. Það sé mat stefnanda, að það verði að vera einhver ótvíræð hlutlæg staðfesting á því, að maður sé staðgengill forstöðumanns, til þess að hægt sé að skipa honum á slíkan lista, og það verði því að koma fram í setningarbréfi hans eða skipunarbréfi, ráðningarbréfi eða að tekið sé ótvírætt tillit til þeirrar ábyrgðar í ákvörðun á launakjörum hans og öðrum starfskjörum. Í þessu efni dugi ekki viðhorf yfirmanns eða væntingar starfsmannsins sjálfs.

Þann 31. janúar 1992 hafi verið birt sem auglýsing nr. 28/1992 listi yfir þá forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem óheimilt væri að gera verkfall skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 38/1954 með síðari breytingum. Á þeim lista séu tilgreindir ýmsir forstöðumenn, sem ekki eigi að vera á listanum, t.d. af því að þeir starfi ekki við stjórn-sýslustofnun ríkisins og ekki heldur við atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, svo sem eins og tilraunastjórar á tilraunastöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en einkum þó vegna þess að tilgreindir staðgenglar gegni alls ekki staðgengilsstöðu viðkomandi forstöðumanns.

Stefnandi byggir á 29. gr. laga nr. 38/1954 með síðari breytingum og meginreglu laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, einkum 19. gr. þeirra laga.

Málkostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936 með síðari breytingum, sbr. 69. gr. 1. um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Kröfuliðir stefnanda:

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar FÍN

Tilraunastöðvar RALA séu ekki sjálfstæðar ríkisstofnanir eða sjálfstæð atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins. Í 37. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, eins og lagagreininni var breytt með lögum nr. 107/1974, hafi verið ákveðið, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem sé sjálfstæð ríkisstofnun, fengi umráð yfir tilraunastöðvum á sviði landbúnaðarins, sem ríkið eigi. Tilraunastöðvarnar séu því settar undir Rannsókn-

stofnun landbúnaðarins og teljist því ekki sjálfstæðar ríkisstofnanir. Gildi þetta einnig um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti, sbr. lög nr. 19/1981, en í 3. gr. þeirra laga segi, að tilraunastarfsemin eigi að vera rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi og vísi til laga 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Því sé ekki til að dreifa fyrirmælum í lögum, sem skapi tilraunastöðvum RALA þá stöðu, að réttlæt看legt sé að svipta þá, sem teljist þar vera í fyrirsvari, rétti til þess að taka þátt í verkföllum.

Hafrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar FÍN

Einn af aðstoðarforstjórum Hafrannsóknastofnunar, Jakob Magnússon, sem sé félagsmaður í FÍN, sé staðgengill forstjóra og gegni m.a. nú um stundir stöðu forstjóra í forföllum hans. Í 13. gr. laga nr. 64/1965 komi fram, að sjávarútvegsráðherra beri að skipa tvo aðstoðarforstjóra við Hafrannsóknastofnun. Hafi það verið gert. Komi fram í 2. mgr. 14. gr. laganna, að annar aðstoðarforstjóri skuli vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar, en hinn um fjármálalegan rekstur hennar. Athugasemdir stefnanda í máli þessu lúti ekki að því, að Jakob Magnússon gegni stöðu staðgengils forstjóra Hafrannsóknastofnunar. Athugasemdirnar beinist hins vegar að því, að í auglýsingu nr. 28/1992 sé notað orðið „aðstoðarforstjórar“, sem verði ekki skilið á annan veg en þann, að báðir aðstoðarforstjórarnir séu staðgenglar forstöðumanns og með þeim hætti sviptir rétti til að taka þátt í verkföllum. Þess vegna telji stefnandi, að orðið „aðstoðarforstjóri“ eigi að standa í stað orðsins „aðstoðarforstjórar“.

Stefnandi telur sig bærán til þess að hafa uppi kröfu sem þessa, þó að vera kunní, að einungis annar aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar sé félagsmaður í FÍN. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn Félagsdóms um þetta ágreiningsatriði.

Tryggingaefitirlitið skrifstofustjóri SLÍR

Stefnandi telur, að ekki séu fyrir hendi fullnægjandi staðfestingar á því, að skrifstofustjóri gegni í raun stöðu staðgengils forstjóra Tryggingaefitirlitsins þrátt fyrir bréflaga yfirlýsingu forstjórans um það.

Skattstofur skrifstofustjórar SLÍR KVH

Stefnandi telur orðalag auglýsingarinnar ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Tilgreina beri þær skatt-

stofur þar sem skrifstofustjórar eru starfandi og séu í raun staðgenglar. Ekki geti komið til þess, að fleiri en einn skrifstofustjóri hjá hverri skattstofu sé staðgengill og þannig undanþeginn rétti til að taka þátt í verkföllum. Breyta beri orðalagi auglýsingarinnar til samræmis við þau viðhorf, sem rakin hafa verið.

Ríkistollstjóri skrifstofustjóri

Tollstjórinn í Reykjavík skrifstofustjóri

Tollgæslan í Reykjavík skrifstofustjóri

Stefnandi telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, að neinn gegni tédum stöðum, og því beri að fella þær út af listanum. Óheimilt sé að auglýsa ómannaðar stöður á lista samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og gildi þar einu, þó að uppi séu hugmyndir af hálfu stefnda um að skipa í stöðurnar síðar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Frávísunarkröfu, að því er varðar Hafrannsóknastofnun, byggir stefndi á því, að einungis annar þeirra manna, sem í skránni er nefndur aðstoðarforstjóri, sé félagsmaður í einu þeirra félaga, sem er aðili að stefnu, þ.e. FÍN, og ekki sé dregið í efa af umboðsmanni stefnanda, að hann sé réttur staðgengill hafrannsóknastjóra, enda gegni hann því starfi nú. Hinn „aðstoðarforstjórinn“ sé Vignir Einar Thoroddsen, kt. 180748-3699, og taki hann laun skv. ákvörðun fjármálaráðherra. Ekkert þeirra félaga, sem greint er meðal stefnanda í máli þessu, sé því í fyrirsvari fyrir þennan starfsmann, og eigi stefndur því engra lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild í þessu samhengi. Engin réttarfarssök mæli með því, að stefnandi geti haft uppi þessa kröfu og er því mótmælt, að hann eigi lögvarða hagsmunum af því að fá úrskurð Félagsdóms um þetta ágreiningsefni. Augljóst sé, að vísa beri kröfu stefnanda að þessu leyti frá dómi, en til vara byggir stefndi á því, að á grundvelli aðildarskorts stefnanda beri að hafna kröfu um breytingu á skránni að þessu leyti.

Að því er varðar starfsheitin skrifstofustjórar á skattstofum, er bent á, að enginn þeirra þriggja, er hér eiga hlut að máli, eigi aðild að þeim félögum, sem stefna í málinu. Tveir taki laun skv. ákvörðun fjármálaráðherra, þeir Guðmundur Björnsson, skrifstofustjóri í Hafnarfirði, og Ingvar Rögnvaldsson, skrifstofustjóri í Reykjavík, en einn, Jón Dalmann Ármannsson, skrifstofustjóri á Akureyri, sé félagi í SFR. Skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík taki laun skv.

ákvörðun fjármálaráðherra. Eigi hér við sömu rök og um aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar.

Verði ekki á þessi sjónarmið stefnda fallist, er krafist sýknu á þeirri forsendu, að auglýsing þessara starfa sé í fullu samræmi við 3. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skilyrði þess, að starfsmaður sé tekinn á skrá skv. 29. gr., sé, að ótvírætt sé, að stofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun, að um sé að ræða stærri atvinnu- og þjónustufyrirtæki í eigu ríkisins og að ekki leiki vafi á, að viðkomandi starfsmaður gegni stöðu forstöðumanns eða staðgengils hans og að fyrir liggja hlutlæg staðfesting, svo sem í setningar- eða skipunarbréfi, eða að slíkt megi verða ljóst af launakjörum eða öðrum starfskjörum.

Stefndi telur ekkert réttlæta svo einstrengingslega túlkun á 5. - 7. tl. 29. gr. 1. nr. 90/1986, hvorki orðanna hljóðan né það, sem lesa má út úr greinargerð með lögnum, og ekki sýnast heldur efni til að draga svo afdráttarlausa ályktun af dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990. Ákvæði 5. - 7. tl. gildandi laga nr. 90/1986 verði fyrst til með lögum nr. 31/1976 um breytingu á lögum nr. 38/1954. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segi svo um þessa tölulíði:

„Í 5., 6. og 7. tölulíði er talað um forstöðumenn stjórnsháttastofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og aðra er gegna embættum, sem verður öldungis til þeirra jafnað. Hins vegar er boðið, að skrá skuli gerð um þessa aðila ár hvert og leggja megi ágreining um þessi mál fyrir Félagsdóm. Hér myndi vera um frekar fámennan hóp að ræða, sem fer með húsbóndavald í umboði ríkisins yfir allfjölmennum hópi manna. Er gert ráð fyrir, að hópur þessi verði takmarkaður. Þannig myndu hvorki verslunarstjórar né skólastjórar almennra skóla falla undir hann.“

Engin breyting hafi verið gerð á þessum tölulíðum 29. gr. með lögum nr. 90/1986, en með frumvarpi að lögnum hafi verið á fylgiskjali I listi yfir forstöðumenn stofnana skv. 5. og 6. tl. 29. gr., og gefi hann nokkra vísbendingu um, hver hafi verið vilji löggjafans, að því er varðar stofnanir og starfsheiti þeirra, sem ekki hafi verið ætlast til, að mættu gera verkfall. Röksemdir umboðsmanns stefnanda í greinargerð beinist að einu leyti að því, að ekki sé um að ræða sjálfstæða ríkisstofnun, en að öðru leyti að því, að tilteknir starfsmenn séu ekki staðgenglar þeirra forstöðumanna, sem ekki leggja niður störf í verkfalli. Hvorki verði ráðið af orðalagi laganna

né lögskýringargögnum, að undirstofnanir ríkisstofnana falli utan við ákvæðin, þau taki beint til allra stjórnýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins. Að því er varði staðgengla forstöðumanna sé að sjálfsgöðu oft hægt að taka af skarið um, hverjir þeir séu, ef fyrir liggja skipurit eða önnur sambærileg gögn, sem ekki sé hægt að vefengja. Fráleitt sé að krefjast þess, að slík gögn liggja fyrir í öllum tilvikum. Staðgengill forstöðumanns sé sá, sem í raun gegni starfi hans í forföllum, og sé að jafnaði ljóst á hverjum vinnustað, hvernig þessum málum sé skipað.

Varðandi einstaka kröfuliði stefnanda er eftirfarandi tekið fram af hálfu stefnda.

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar.

Samkvæmt 29. gr. 1. nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sé Rannsóknastofnun landbúnaðarins sjálfstæð ríkisstofnun, en tilraunastöðvar séu undirstofnanir innan RALA og falli sem slíkar undir stjórnýslustofnanir ríkisins. Tilraunastjórar RALA hafi frá upphafi verið á skrá um starfsmenn stofnana, sem óheimilt hafi verið að gera verkfall skv. 5. og 6. tl. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986. Í stefnu vegna þessa lista 1990 hafi verið gerð sama krafa, en stefnandi hafi fallið frá henni, og skýrist það væntanlega af bréfi FÍN til forstjóra RALA, dags. 31. mars 1987.

Engar breytingar hafi orðið á stöðu þessara stofnana í stjórnýslukerfinu frá þessum tíma, og engin rök séu færð fram, sem réttlæti, að störf þessi séu nú felld af skrá. Neikvæð skilgreining í greinargerð með lögum nr. 31/1976, sem vitnað er til að framan, styðji einnig það sjónarmið, að þessar stofnair og starfsmenn þeirra séu réttilega taldir falla undir 5. tl. 29. gr. Þessi störf verði að vinna í verkfalli, og séu þau ekki talin eiga heima í þessari upptalningu, ættu þau skilyrðislaust að vera á skrá skv. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Hafrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna skipi stjórnsýsluáráðgjafar forstjóra Hafrannsóknastofnunar og einnig tvo aðstoðarforstjóra. Í 14. gr. segi, að annar aðstoðarforstjórinn skuli vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar, en hinn um fjármálalegan rekstur. Önnur dæmi séu um, að staðgenglar séu fleiri en einn, t.d. hjá Póst- og símamálastofnun, ríkisspítölum og RARIK. Í ákvæðum 5. - 6. tl. 29. gr. sé ekkert, sem mæli gegn því, að staðgenglar forstöðu-

mannna ríkisstofnana geti verið fleiri en einn, og verði ekki betur séð en að í þessu tilviki sé beinlínis lögboðið, að svo skuli vera.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður segir.

Tryggingaeftirlit skrifstofustjóri.

Í bréfi Tryggingaeftirlitsins til launaskrifstofu ríkisins, dags. 25. apríl 1990, sé skýrt frá því, hver gegni starfi staðgengils forstöðumanns í raun og hvernig sú skipan mála hafi þróast. Ekki sé hægt að ætlast til, að sönnur séu færðar á staðgengilshlutverk með öðrum eða skýrari hætti.

Skattstofur skrifstofustjórar.

Skrifstofustjórar skattstjóranna í Reykjavík, Norðurlandsumdæmi eystra og Reykjanesumdæmi séu samkvæmt skipuriti staðgenglar skattstjóranna. Skrifstofustjórar séu ekki á öðrum skattstofum, og ætti því ágreiningur um þetta að vera úr sögunni.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður sagði.

Ríkistollstjóri skrifstofustjóri.

Af dskj. 7 og 8, sem stefnandi hafi lagt fram, sjáist, að nú sé enginn skrifstofustjóri við embætti ríkistollstjóra. Það ástand sé aðeins til bráðabirgða, og er kröfu stefnanda um, að þetta staðgengilsstarf sé felld út af skránni, af þessum ástæðum mótmælt. Augljóst sé, að þegar skrifstofustjóri verði skipaður, verði hann staðgengill ríkistollstjóra.

Tollstjórinn í Reykjavík skrifstofustjóri.

Þessu starfi gegni Sigvaldi Friðgeirsson lögfræðingur, sbr. framlagt bréf fjármálaráðuneytis, dags. 28. apríl 1992.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður greinir.

Tollgæslan í Reykjavík skrifstofustjóri.

Kröfu um, að felldur sé út af skránni skrifstofustjóri við tollgæsluna í Reykjavík, er ekki mótmælt, þar sem tollgæslustjóri hafi ekki lengur neinn formlegan staðgengil.

Niðurstaða.

Eins og að framan hefur verið rakið, beinist frávísunarkrafa stefnda að starfsheitunum:

1. Aðstoðarforstjórar við Hafrannsóknastofnun.
2. Skrifstofustjórar við skattstofur.

3. Skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík.

Um 1.

Upplýst er, að hjá Hafrannsóknastofnun eru tveir aðstoðarforstjórar og að annar er félagsmaður í FÍN, en hinn tekur laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.

Stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort tilgreining þessara starfsheita í auglýsingu nr. 28/1992 er í samræmi við lög, og verður því ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Um 2.

Í málinu er komið fram, að skrifstofustjórar eru við þrjár skattstofur, og rök leidd að því, að við skattstofuna í Reykjavík starfi þrír skrifstofustjórar. Jafnframt gefa gögn málsins til kynna, að við a.m.k. tvær skattstofur beri þeir starfsmenn, sem næst standa forstöumanni, annað embættisheiti en tilgreint er í auglýsingunni.

Með vísan til þess, sem segir um lið 1, er ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Um 3.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík starfar skrifstofustjóri, sem tekur laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.

Með vísan til þess, sem segir um lið 1 og 2, er ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér á eftir.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum, sem tilteknar eru í lögum. Af því leiðir, að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Enda þótt andmæli hafi ekki komið fram við birtingu auglýsingar nr. 42/1988, er ekki þar með girt fyrir það, að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á núgildandi lista, enda eru í 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986 og 2. gr. laga nr. 45/1991, ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Þar sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á lista samkvæmt 3. mgr. 29. gr. að vera nákvæm og ótvíræð, þannig að ekki sé réttmætur vafi á um, við hvern er átt.

Í skilningi 29. gr. laga nr. 38/1954 verður hugtakið staðgengill

skilið svo, að um sé að ræða mann, sem taki við hlutverki yfirmanns í fjarvistum hans, og að því hlutverki verði ekki skipt milli fleiri starfsmanna, þótt þeir beri sama starfsheiti. Til að um staðgengil geti verið að ræða, þarf starfsmanni almennt að vera falið slíkt hlutverk með formlegum hætti eða ótvírætt, að í starfi viðkomandi felist, að hann sé staðgengill forstöðumanns.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 64/1965, sbr. lög nr. 107/1974 hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem eru í eigu ríkisins. Teljast tilraunastöðvar RALA því hvorki vera stjórnarsýslustofnanir ríkisins, sem falla undir 5. tl., né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, sem falla undir 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Ber því að fella starfsheiti þessi út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Haffrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar.

Í málinu er upplýst, að tveir aðstoðarforstjórar starfa hjá Haffrannsóknastofnun. Tilgreining í auglýsingu er því of víðtæk og ber að fella tilgreininguna af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Tryggingaeftirlitið skrifstofustjóri.

Stefndi hefur ekki sannað, að skrifstofustjóri hjá Tryggingaeftirlitinu sé staðgengill forstöðumanns, og ber því að fella starfsheitið af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Skattstofur skrifstofustjórar.

Skrifstofustjórar eru við þrjár skattstofur og rök leidd að því, að við skattstofuna í Reykjavík starfi þrjár skrifstofustjórar. Gögn málsins gefa til kynna, að við a.m.k. tvær skattstofur beri þeir starfsmenn, sem næst standa forstöðumanni, annað embættisheiti en tilgreint er í auglýsingu nr. 28/1992. Tilgreining í auglýsingunni er því bæði of víðtæk og ónákvæm, og ber því að fella starfsheitin út af skránni.

Ríkistollstjóri skrifstofustjóri.

Fram er komið, að nú er enginn skrifstofustjóri starfandi hjá ríkistollstjóra. Starfið hefur ekki verið settið síðan 1. október 1990, og ekki hefur komið fram, að gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að ráða í starfið, svo sem með auglýsingu, eða hvort nú sé heimild til ráðningar í það. Ber því að fella þetta starfsheiti út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Tollstjórinn í Reykjavík skrifstofustjóri

Upplýst er, að skrifstofustjóri við tollstjóraembættið í Reykjavík er staðgengill tollstjóra og að starfi þessu gegni starfsmaður, sem ekki er í stéttarfélagi og taki laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Kröfu um að fella starfsheitið út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992 er því hafnað.

Tollgæslan í Reykjavík skrifstofustjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem beri vexti eins og segir í dómsorði. Þegar litið er til virðisaukaskattskyldu málflytningaþóknunar, telst málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 125.000 kr.

D ó m s o r ð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 28/1992 skal fella eftirfarandi starfsheiti:

Tilraunastöðvar RALA	tilraunastjórar
Hafrannsóknastofnun	aðstoðarforstjórar
Tryggingaeftirlitið	skrifstofustjóri
Skattstofur	skrifstofustjórar
Ríkistollstjóri	skrifstofustjóri
Tollgæslan í Reykjavík	skrifstofustjóri

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, BHMR, kr. 125.000 í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.
